

REGLUR

um verðsamanburð á fjarskiptaþjónustu.

1. gr.

Markmið.

Markmið þessara reglna er að auka gagnsæi í verðlagningu á fjarskiptaþjónustu með því að birta opinberlega og gera aðgengilega heildstæða samantekt á verðskrár starfandi fjarskiptafyrirtækja, draga fram mismunandi þætti í samsetningu verðs og gefa notendum sjálfum kost á því að gera með gagnvirkum hætti marktækan samanburð á verði með tilliti til eigin notkunar. Reglur þessar eru settar til hagsbóta fyrir neytendur á fjarskiptamarkaði og er ætlað að stuðla að bættri neytendavernd og aukinni verðvitund almennings.

2. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar taka til fjarskiptaþjónustu sem boðin er almenningi til sölu af hálfu skráðra fjarskiptafyrirtækja. Reglurnar gilda ekki um virðisaukandi þjónustu í tal- og farsímanetum.

Reglurnar taka ekki til umsýslugjalda, seðilgjalda og vanskilagjalda sem kunna að bætast við gjaldskrárverð fyrir fjarskiptaþjónustu eða til afsláttar vegna sérstakra greiðslukjara sem kunna að dragast frá almennum gjaldskrárverðum, t.d. að borgað sé með ákveðnu greiðslukorti eða þess háttar.

3. gr.

Skilgreiningar.

Merking orða og hugtaka í reglum þessum er sem hér segir:

- a) *Umframgjald (e. over charge)*: Gjald sem er greitt samkvæmt gjaldtökumælingu viðkomandi fjarskiptafyrirtækis umfram notkun samkvæmt raunlengd símtals.
- b) *Skilyrtir afslættir*: Afsláttarkjör sem eru háð skilyrðum um tiltekna notkun eða ákveðin viðskipti samkvæmt þjónustuleið, t.d. pakkatilboðs um að notandi kaupi tvenns konar eða fleiri tegundir þjónustu af sama fjarskiptafyrirtæki, að hann hringi í tiltekin númer eða farsímanet tiltekinna fjarskiptafyrirtækja eða uppfylli skilyrði um lágmarksnotkun.
- c) *Raunlengd símtals*: Mæling á raunverulegri lengd símtals í sekúndum.
- d) *Gjaldtökumæling*: Mæling sem segir til um hvernig lengd símtala eða magn gagnasendinga er gjaldfærð. Er þá bæði gjaldfært fyrir ákveðið lágmark í lengd eða magni og svo fyrir hverja byrjaða mælieiningu sem mæld er umfram lágmarkið. Mælieining er ákveðin af fjarskiptafyrirtæki og getur verið breytileg.
- e) *Frelsisþjónusta*: Fyrirframgreidd farsímaþjónusta.

4. gr.

Söfnun gjaldskrár- og tölfraeðiupplýsinga.

Fjarskiptafyrirtæki er skylt að tilkynna til Póst- og fjarskiptastofnunar um breytingar á gjaldskrá með hæfilegum fyrirvara fyrir áætlaða gildistöku í samræmi við 4. mgr. 37. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að krefja fjarskiptafyrirtæki um tölfraeðilegar upplýsingar sem tengjast tal- og farsímanotkun og notkun annarrar fjarskiptaþjónustu, s.s. upplýsingar um fjölda viðskiptavina, fjölda mínútna og tekjur af fjarskiptastarfsemi.

Samantekt á tölfraeðiupplýsingum um tal- og farsímanotkun og notkun annarrar fjarskiptaþjónustu skal birta í tölfraeðiskýrslu Póst- og fjarskiptastofnunar um íslenska fjarskiptamarkaðinn sem jafnan er gefin út tvisvar á ári.

5. gr.

Birting gjaldskrárupplýsinga.

Póst- og fjarskiptastofnun tekur saman heildstætt og birtir á heimasíðu sinni upplýsingar úr gjaldskrár fjarskiptafyrirtækja.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt í framsetningu sinni að sundurliða hvernig verð fyrir fjarskiptaþjónustu er samsett úr mismunandi þáttum, s.s. upphafsverði, einingaverði og umframgjaldi.

6. gr.

Samanburður á verði fyrir fjarskiptaþjónustu.

Póst- og fjarskiptastofnun gerir samanburð á verðskrár fjarskiptafyrirtækja fyrir sambærilega fjarskiptaþjónustu á grundvelli samanburðarhæfra skilmála og kjara. Er þá tekið mið af almennu einingarverði sem í gildi er að teknu tilliti til skilyrtra afslátta, eftir því sem þeir rúmast innan almennra reikniforsendna samanburðarins. Ekki er tekið tillit til afsláttar sem byggir á einstaklingsbundnum og sértækum forsendum.

Verðsamanburður talsíma- og farsíma tekur tillit til fjölda innifalinna mínútna innan tiltekins fjarskiptanets, enda fari þær ekki fram úr þeim fjölda mínútna sem viðkomandi fjarskiptafyrirtæki fær í sinn hlut miðað við tiltekna heildarnotkun skipt eftir markaðshlutdeild, sbr. a.-lið 7. gr. reglna þessara.

Getur samanburður hvort tveggja náð til áskriftarþjónustu og frelsisþjónustu. Póst- og fjarskiptastofnun getur ákveðið að samanburður nái eingöngu til gjaldfærslu sem byggist á tiltekinni gjaldtökumælingu.

Póst- og fjarskiptastofnun metur hvað telst vera sambærileg fjarskiptaþjónusta með tilliti til samanburðarhæfra skilmála og kjara.

7. gr.

Reiknilíkan.

Í þeim tilgangi að bera saman verð fyrir fjarskiptaþjónustu getur Póst- og fjarskiptastofnun hannað rafrænt reiknilíkan og gert það almenningi aðgengilegt á internetinu svo notendum gefist kostur á því að gera sína eigin verðkönnun. Slíkt reiknilíkan skal byggja á gjaldskrárupplýsingum um þjónustuleiðir sem tilkynntar hafa verið til Póst- og fjarskiptastofnunar, sbr. 4. mgr. 37. gr. fjarskiptalaga, eða, eftir atvikum, hlotið samþykki hennar samkvæmt 20. gr. og 32. gr. laganna, eða eru birtar á heimasíðum fjarskiptafyrirtækjanna og standa viðskiptavinum til boða í nýskráningu. Upphafsstilling reiknilíkansins skal byggja á fyrirfram gefnum gildum um:

- a) Hlutafallslega skiptingu á lúkningu símtala milli fjarskiptaneta skv. upplýsingum um markaðshlutdeild einstakra fjarskiptafyrirtækja.
- b) Lengd símtala eða magn gagnaflutningsþjónustu.
- c) Fjölda símtala.
- d) Meðalnotkun samkvæmt ákveðnu notkunarmynstri.

Gera skal notendum kleift, eins og kostur er, að breyta forsendum við útreikning á verðsamanburði samkvæmt liðum a-c.

8. gr.

Notkun á samanburðarupplýsingum.

Póst- og fjarskiptastofnun getur áskilið að notendur reiknilíkansins samkvæmt 7. gr. samþykki fyrirfram skilmála um notkun þess, m.a. um ábyrgðartakmörkun stofnunarinnar og um framsetningu á niðurstöðum reiknilíkansins í auglýsinga- og markaðsskyni.

9. gr.

Gildistaka og heimild.

Reglur þessar eru settar með stoð í 1. mgr. 41. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 og öðlast þegar gildi.

Póst- og fjarskiptastofnun, 1. mars 2010.

Hrafnkell V. Gíslason.

Björn Geirsson.

—————
B-deild – Útgáfud.: 16. mars 2010